

Dómsorð:

Synji kærði, M, fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 45 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, K, á tímabilinu 26. marz 1946—14. júní 1946, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærði ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir barns þess, er kærandi ól 9. febrúar 1947. Skal hann þá greiða meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Þá greiði hann einnig kostnað málsins.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 28. október 1952.

Nr. 114/1952. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
 gegn

Kristjáni Guðmundssyni (Theódór B. Línal).

Brot gegn 142. gr. laga nr. 19/1940 og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Dómi aukaréttar Reykjavíkur 25. marz 1950, sem getið er í héraðsdómi, var áfrýjað til Hæstaréttar. Var það mál dæmt þar hinn 12. maí 1952 með þeim úrslitum, að því er ákærða varðar, að honum var dæmt fangelsi 4 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun.

Atferli ákærða, sem lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru talin. Ákveðst refsing hans fangelsi 4 mánuði.

Ákærða verður hvorki dæmd svipting kosningarréttar og kjörgengis né ökuleyfis, þar sem krafa um sviptingu þessara réttinda er ekki gerð í ákæruskjali, sbr. 3. tölulið 2. mgr. 115. gr. og 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og málskostnað ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Kristjáns Guðlaugssonar og Theódórs B. Línals, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. janúar 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 2. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómsara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7/1952: Ákærvaldið gegn Kristjáni Guðmundssyni, sem dómtekið var 14. desember s.l.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. desember 1951, er Kristján Guðmundsson bifreiðarstjóri, Suðurláti 3, ákærður fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 142. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., og áfengislögum nr. 33/1935, 16. gr., sbr. 1. gr., 2. mgr., laga nr. 47/1951. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði *með því*

1. Að hafa meðferðis 5 flöskur af brennivíni í bifreið sinni, R 5283 um kvöldið 20. júlí s.l. og til kl. 01.35 aðfaranótt 21. júlí, er lögreglumaður framkvæmdi leit í bifreið hans í hliði Keflavíkurflugvallar, án þess að sanna með sterkum líkum, að áfengið hafi ekki verið til sölu.
2. Að fá kvöldið 22. júlí s.l. 2 unglina, þá Guðna Sigurjónsson, Ásvallagötu 37, og Magnús T. Magnússon, Sólvallagötu 17, til að bera rangt fyrir rétti, að þeir hafi átt 2 af þeim 5 brennivínsflöskum, er fundust í bifreið hans og áður greinir.

Ákærist því nefndur Kristján Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt nefndum hegningarlagaákvæðum og áfengislögum nr. 33/1935, 36. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 47/1951, til að sæta upptöku hins ólöglega áfengis samkvæmt lögum nr. 47/1951, 2. gr. i.f., svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögdaldr sakamanna, fæddur 2. júlí 1927 í Hafnarfirði, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum, svo kunnugt sé:

- 1946 28/6 Reykjavík. Sátt: 40 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt og bifreiðalögum.
- 1947 10/7 Reykjavík. Sátt: 40 króna sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.
- 1947 5/12 Reykjavík. Sátt: 50 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.
- 1949 21/6 Reykjavík. 30 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1949 29/12 Reykjavík. 50 króna sekt fyrir ógætilegan bifreiðarakstur.
- 1950 25/3 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 108. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1950 28/12 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 21. júlí 1951 um kl. 01.35 kom bifreiðin R 5283 í hlið Keflavíkurflugvallar. Lögreglumaður hafði tal af ökumanni, ákærða Kristján Guðmundssyni. Er hann leit inn í bifreiðina, varð hann var við fataplögg, er lágu á hillu undir afturglugga bifreiðarinnar, og þótti honum fara undarlega mikið fyrir þeim. Gerði hann leit í bifreiðinni. Fundust 3 brennivínsflöskur, vafðar inn í fyrrgreind fataplögg, 2 flöskur af ákavíti undir framsæti og 1 brennivínsflaska á gólfi bifreiðarinnar með ofurlitilli lögg í. Er ákærði var beðinn að gera grein fyrir áfengi þessu, skýrði hann frá því, að bróðir sinn, er væri að vinna við Sogsvirkjunina, ætti brennivínsflöskurnar þrjár, er voru á hillunni, en ákavítisflöskurnar kvað hann farþega, er hann hafði flutt á dansleik í samkomuhús Njarðvíkur, hafa beðið sig að geyma, meðan á dansleiknum stæði. Farþegarnir voru nú kallaðir á staðinn og spurðir um þetta. Bar þeim saman um, að þeir hefðu ekki beðið ákærða að geyma neitt áfengi fyrir sig. Kváðust þeir hafa drukkið það áfengi, er þeir höfðu með sér úr Reykjavík, á leiðinni suður eftir. Þeir Guðni Sigurjónsson og Magnús Theódór Magnússon, báðir 16 ára að aldri, kváðu það hafa verið 2 flöskur, en þeir Borgþór Guðmundsson, Kristján Birgir Kristjánsson, báðir 16 ára að aldri, og Runólfur Pétursson, 15 ára að aldri, kváðu það hafa verið 1 flösku.

Fyrir dómi 3. ágúst skýrði Guðni Sigurjónsson frá því, að hann hefði farið ásamt fyrrgreindum mönnum með ákærða í bifreið hans suður í Keflavík á dansleik að kvöldi 20. júlí s.l. Kváðst hann hafa keypt 3 flöskur af ákavíti í Áfengisverzlun ríkisins áður og haft þær meðferðis. Tvær af flöskunum setti hann undir framsæti, en ein var tekin upp og drukkin í bifreiðinni. Er suður að Keflavík kom, fóru Guðni og félagar hans út úr bifreiðinni á dansleik, en ákærði ók á brott. Er dansleiknum var að ljúka, sótti lögreglan á Keflavíkurflugvelli Guðna og féлага hans til yfirheyrslu. Skýrði Guðni lögreglunni frá atvikum, eins og að framan greinir. Er Guðna var bent á ósamræmið milli framburðar hans í lögregluskýrslunni og fyrir dómi, þá kvaðst hann enga skýringu geta á því gefið og hélt fast við framburð sinn fyrir dómi.

Framburður Magnúsar Theódórs Magnússonar var í upphafi samhljóða framburði Guðna í öllum verulegum atriðum. Magnús Theódór breytti þó framburði sínum síðar í réttarhaldinu. Kvað hann þá Guðna og féлага þeirra hafa átt eina flösku af áfengi, er þeir drukku í umrætt skipti í

bifreiðinni. Skýrði hann jafnframt frá því, að þeir félagar fjórir, Guðni, Kristján Birgir, Borgþór og hann hefðu hitt ákærða niðri á Lækjartorgi daginn eftir. Var ákærði á bifreið sinni og bauð þeim félögum upp í hana, og ók hann þeim um miðbæinn. Bað ákærði þá félaga að skýra frá því fyrir dómi, að þeir ættu þær 2 flöskur af ákavíti, er í bifreiðinni fundust. Féllust þeir Guðni á þetta.

Fyrir dómi 4. ágúst breytti Guðni Sigurjónsson framburði sínum. Kvað hann þá félaga aðeins hafa haft 1 flösku af áfengi meðferðis suður eftir, er þeir drukku á leiðinni. Skýrði hann frá því, að ákærði hefði hvíslað að sér suður á Keflavíkurflugvelli, er lögreglan flutti þá þangað, „2 ákavíti“. Misskildi hann þetta og hélt, að verið væri að taka ákærða fyrir ölvun við akstur. Skýrði hann lögreglunni frá því, að þeir félagar hefðu haft tvær flöskur af ákavíti meðferðis í bifreiðinni og drukkið þær báðar á leiðinni. Hugðist Guðni hjálpa ákærða með þessu. Jafnframt þessu skýrði hann frá því, að hann hefði ásamt Magnúsi Theódór Magnússyni, Borgþór Guðmundssyni og Birgi Kristjánssyni farið, sunnudagskvöldið eftir að framangreint atvik gerðist, að leita að ákærða. Fundu þeir hann á Lækjartorgi í bifreið hans, stigu þeir upp í hana, og var ekið um bæinn. Bað ákærði þá að hjálpa sér og skýra frá því fyrir dómi, að þeir ættu hluta af áfengi því, er í bifreið hans fannst. Voru hann og Borgþór tregir til, en létu þó tilleiðast að lokum. Ekki kveður hann ákærða hafa greitt þeim neitt fé fyrir þetta.

Framburðir þeirra Borgþórs Guðmundssonar og Kristjáns Birgis Kristjánssonar eru í öllum verulegum atriðum samhljóða framburðum Guðna og Magnúsar Theódórs. Þeir Borgþór og Kristján Birgir höfðu ekki skýrt frá samtali ákærða við þá félaga, en gerðu það í síðara þinghaldi. Ákærði hefur skýrt frá því, eftir yfirheyrslu vitnanna, en til hans náðist ekki fyrr, að hann hafi ekið þeim suður að Keflavík í framangreint skipti. Meðferðis í bifreiðinni hafði hann 3 flöskur af brennivíni og 2 flöskur af ákavíti. Brennivínsflöskurnar kvaðst ákærði hafa keypt fyrir bróður sinn, sem er að vinna við Sogsvirkjunina og kemur aðeins í bæinn um helgar. Var von á honum um þessa helgi. Hinar tvær flöskurnar kvað hann sér hafa fyrst dottið í hug að segja, að farþegar þeir, sem með honum voru, ættu. Ætlaði hann að bjarga sér úr klípu með þessu, þar sem hann var með óeðlilega mikið áfengi meðferðis að honum fannst.

Sunnudagskvöldið eftir fékk ákærði tvo af farþegum þeim, sem með honum voru, til að bera það fyrir dómi, að þeir ættu 2 af flöskunum. Er þeir höfðu breytt framburði sínum og sagt satt og rétt frá öllu, þá skýrði ákærði frá því fyrir dómi, að hann hafi átt 2 áfengisflöskurnar sjálfur og ætlað að hafa þær með í ferðalag daginn eftir. Guðni Guðmundsson, bróðir ákærða, hefur borið vitni í máli þessu. Fyrst skýrði hann frá því, að hann hefði fengið bróður sínum, ákærða Kristjáni, peninga fyrir þremur flöskum af brennivíni. Kveðst hann hafa ætlað að taka áfengið hjá ákærða laugardaginn 21. júlí s.l., þar sem hann ætlaði þá í sumarfrí. Ákærði skýrði hins vegar frá því, að Guðni bróðir sinn hafi ekki verið búinn að borga sér fyrir áfengið, sem hann keypti fyrir hann. Við sam-

prófun breytti Guðni framburði sínum, og kvaðst hann ekki hafa verið búinn að fá ákærða peninga fyrir flöskunum. Ætlunin hafi verið, að móðir þeirra, er geymdi peninga fyrir hann, léti ákærða fá peninga til áfengis-kaupanna. Kveðst hann hafa beðið móður þeirra að láta ákærða fá peninga, ef hann bæði um. Ekki var móðir ákærða búin að minnast neitt á þetta við hann, að sögn hans.

Það er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að hann fékk þá Guðna Sigurjónsson og Magnús Theódór Magnússon til að gefa ranga skýrslu fyrir dómi um það, að þeir hafi átt 2 af þeim 5 áfengisflöskum, er fundust í bifreið hans. Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 142. gr. sbr. 22. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar virt eru þau atvik, að ákærði, sem er leigubifreiðarstjóri, hefur meðferðis 5 flöskur af áfengi í bifreið sinni á ferð um Suðurnes aðfaranótt 21. júlí, en það verður að teljast óvenjumikið áfengismagn, miðað við aðstæður, að hann skýrir rangt frá því fyrir lögreglunni á Keflavíkurflugvelli, að unglingar þeir, er í bifreið hans voru, eigi áfengið og fær 2 af þeim síðar til að bera rangt um það fyrir dómi, að þeir hafi átt 2 af flöskunum, en kveðst síðan hafa ætlað að nota flöskurnar í ferðalag daginn eftir, er fyrrgreindir unglingar höfðu breytt framburði sínum og skýrt rétt frá, að Guðni Guðmundsson, bróðir ákærða, hefur gerzt reikull í framburði sínum um það atriði, að hann hafi beðið ákærða að kaupa áfengið, en Guðni kvaðst fyrst hafa beðið bróður sinn að kaupa fyrir sig 3 flöskur af áfengi og fengið honum peninga fyrir, en breytti síðan við samprófun framburði sínum á þá leið, að ætlunin hafi verið, að móðir þeirra léti ákærða fá peningana, ef hann bæði um þá, en Guðni hafði ekkert á þetta minnst við móður þeirra, þá þykir ákærði ekki hafa sannað það með nægilega sterkum líkum, að áfengið, sem hann hafði meðferðis, hafi ekki verið ætlað til sölu. Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 16. gr. áfengislaga nr. 33/1935 sbr. 1. gr., 2. mgr., laga nr. 47/1951.

Samkvæmt fyrrgreindri hegningarlagagrein og 36. gr. áfengislaga sbr. 2. gr. laga nr. 47/1951 þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 2. gr. i.f. laga nr. 47/1951 ber að gera þær 5 áfengisflöskur, er í bifreið ákærða fundust, upptækar til ríkissjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsmálaráðuneytið hefur fallið frá saksókn út af broti Guðna Sigurjónssonar, enda verði hann undir eftirliti barnaverndarnefndar til fullnaðs 17 ára aldurs.

Að því er við kemur unglingunum Kristjáni Birgi Kristjánssyni, Magnúsi Theódór Magnússyni og Borgþór Guðmundssyni, hefur dómsmálaráðuneytið eftir atvikum ekki skipað frekari aðgerðir.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Þær 5 flöskur af áfengi, er í bifreið ákærða fundust, skulu gerðar upptækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1952.

Nr. 83/1950. **Umboðs- og heildverzlunin Dugandi**

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Ágústi Fjeldsted f. h. firmans Gento

(Theódór B. Líndal).

Skaðabótamál og endurgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júní 1950 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1950. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjanda var ekki veitt færi á því að láta fyrirsvarsmann af sinni hendi vera viðstaddan skoðunar- og matsgerð þá, sem fram fór hinn 12. október 1946 á peysum þeim, er í málinu greinir og stefndi telur, að haldnar hafi verið göllum. Er skoðunar- og matsgerðin því ekki örugg sönnun fyrir því, að peysurnar hafi verið ósamningshæfar. Aðrar fullnægjandi sönnur fyrir göllum á peysunum hafa ekki heldur verið fram fluttar. Verður því að sýkna áfrýjanda af skaðabótakröfu stefnda.

Leitt er í ljós, að á reikningi áfrýjanda, sem stefndi greiddi,